

Ívar Örn Benediktsson
Dept. of Geology, Lund University
Sölvegatan 12
S-223 62 Lund
Sweden



UMHVERFISSTOFNUN

Haukadal 8. júní 2015
UST201504-070/L.G.
09.05.01

Efni: Umsókn um leyfi - þyrluflug við Múlajökul

Umhverfisstofnun hefur móttengið tölvupóst þann 14.04.2015 þar sem óskað er eftir leyfi til þyrluflugs með rannsóknarfólki og búnað frá Hreysislóni að Múlajökli.

Lýsing framkvæmdar:

Verkefnið er áframhald af jarðfræðirannsóknnum sem gerðar hafa verið frá árinu 2009, að einu ári undanskildu. Er markmiðið að rannsaka setlög og landform sem tengjast framrásum Múlajökuls á síðustu 300-400 árum og fá upplýsingar um hegðun og sögu jökulsins. Árlega er farið á sama árstíma til að gæta samræmis í gögnunum.

Er óskað eftir leyfi til að flytja fólk og búnað frá flugbrautinni við Hreysislón inn á rannsóknarsvæðið en það nær frá Arnarfellsmúlum og inn að jökli og er innan Þjórsárvera. Í fyrrnefndum rannsóknarerindum hefur verið flogið yfir mela og sanda í stað gróins lands til að valda fuglalífi sem minnstu truflun og yrði þeim forsendum fylgt í hvívetna í fyrirhuguðu þyrluflugi í ár.

Rannsóknatímabilið stendur yfir 6.-20. ágúst. Sótt er um leyfi til þyrluflugs daginn 6. ágúst, (þó með fráviki upp á 1-2 daga ef veðurskilyrði eru slæm eða upp koma óviðráðanleg atvik), til flutnings á fólki og búnaði, samtals fjórar ferðir fram og tilbaka.

Önnur áætluð flug eru utan þess tíma er gilda takmarkanir á flugi yfir svæðið og yrðu á eftirfarandi dögum:

13. ágúst n.k. – Útskipti á fólki, tvær ferðir til og frá Hreysislóni.

20. ágúst n.k. - Brottför

Áhrifamat:

Þjórsárver eru friðland og gilda um það sérstakar reglur sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 507/1987. Í reglum um friðlandið kemur m.a. fram að flug neðan 3000 feta hæðar yfir friðlandinu utan jökuls er óheimilt á tímabilinu 10. maí til 10. ágúst. Ennfremur segir að Umhverfisstofnun geti veitt leyfi til að vikið verði frá reglunum í einstökum tilfellum.

Sótt var um sams konar leyfi árið 2009 og leitaði Umhverfisstofnun þá á lits Náttúrufræðistofnunar Íslands og Þjórsárveranefndar. Umhverfisstofnun veitti umbeðið leyfi þá, sem og síðar, með þeim skilyrðum að aurar, melar og önnur ógróin svæði efst í verunum yrðu þrædd til að forðast rask á lífi fugla, sem gjarnan halda sig í gróðursælli verum.

Að mati Umhverfisstofnunar eru ekki líkur á að fyrirhugaðar ferðir muni hafa áhrif á verndargildi svæðisins.

Skilyrði


Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir ofangreind þyrluflug að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Flogið verður frá Hreysislóni að Múlajökli yfir aura, mela og ógróin svæði.
- Leyfi þetta gildir þann 6. ágúst n.k., fyrir fjórar ferðir fram og tilbaka en þó með tveggja daga fráviksramma.
- Hópstjóri kynnir friðlýsingu fyrir sínu teymi...

Eftirlit

Umhverfisstofnun mun ekki viðhafa sérstakt eftirlit með fluginu innan friðlandsins og gerir ráð fyrir að öllum skilyrðum flugmálayfirvalda varðandi flugið verði fylgt. Þó er því biðlað til leyfishafa að haft verði samband við tengilið UST, Lindu Guðmundsdóttur í síma 8224031, þegar flugið frá Hreysislóni hefst og aftur þegar því er lokið.

Virðingarfyllst


Sigrún Agústs dóttir
Sviðsstjóri



Linda Guðmundsdóttir
Sérfræðingur

Afrit: Samöngustofa.

